

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Sveitarfélagið Álftanes.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. apríl 2006 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin varðar breytingu á texta í greinargerð svæðisskipulagsins varðandi fjölda íbúða á Álftanesi sem kemur fram í töflu nr. 3.1 á bls. 47. Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir að íbúðafjöldi á Álftanesi verði 1080 árið 2024 í stað 850.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Álftaness. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. apríl 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.